

Umsagnaraðili: Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor og deildarforseti Lyfjafræðideildar HÍ 13.03.2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til 2025 – Mál nr. 50/2023. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Við hjá Lyfjafræðideild Háskóla Íslands viljum fagna þessari þingsályktunartillögu. Margt er þar vel skrifað og orð í tíma töluð. Við viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og breytingatillögum frá sjónarhóli lyfjafræðinga og klínískra sérnámslyfjafræðinga.

Varðandi eftirfarandi liði í tillögunni leggjum við til breytingar undirritað og merktar með rauðu:

„1.2. Fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum til að mæta hraðri öldrun þjóðarinnar Nemendum í (1) læknisfræði, (2) hjúkrunarfræði, (3) sjúkrabjálfun, (4) lyfjafræði, (5) félagsráðgjöf, (6) sálfræði, (7) talmeinafræði og (8) ljósmæðranámi verði fjölgað verulega en m.a. verði byggðar upp færniþúðir til að liðka fyrir sókn á þessu sviði. Ný kennsluaðstaða og kennsluaðferðir nútímavæði jafnframt endur- og símenntun starfsfólks í heilbrigðisvísindum m.a. til að liðka fyrir nýsköpun og innleiðingu tækni og nýrra starfshátta svo að hægt sé að draga verulega úr þeirri miklu kostnaðaraukningu sem fyrirsjáanleg í heilbrigðiskerfinu að öllu óbreyttu.“

Jafnframt bls. 10 efst, undir liðnum: „Markmið til árangurs í háskóla- og vísindastarfi:

Fjölga nemendasætum í sjö átta háskólagreinum. Nemendum verði fjölgað í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkrabjálfun, lyfjafræði, félagsráðgjöf, sálfræði, talmeinafræði og ljósmæðranámi. Unnið verði með Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík að því að forgangsraða í þágu heilbrigðisvísinda.“

Við viljum vekja athygli á því að lyfjafræðingar eru heilbrigðisstétt með vaxandi vægi. Fjölgun lyfjafræðinema er nauðsynleg til að standa undir eftirspurn samtímans (og framtíðar) um þjónustu lyfjafræðinga og klínískra lyfjafræðinga til að efla gæði, öryggi og hagkvæmni lyfjameðferða í íslenska heilbrigðiskerfinu. Það þarf því að bæta lyfjafræði við upptalninguna hér að ofan.

Öldrun þjóðarinnar fylgir aukin og fjölþætt lyfjanotkun og rannsóknir sýna að hún eykst mjög með hækkuðum aldri. Tengsl eru á milli aukinnar lyfjanotkunar einstaklinga og lyfjatengdra atvika sem krefjast inngrips og geta leitt til sjúkrahússinnlagna. Með vaxandi þjónustu lyfjafræðinga á réttum stað í heilbrigðiskerfinu s.s. innan apóteka, sjúkrahúsa, heilsugæslu, hjúkrunarheimila og annarra heilbrigðisstofnanna, má grípa snemma inn í og fyrirbyggja óviðeigandi notkun lyfja. Slík snemmbær og kerfisbundin íhlutun bætir árangur lyfjameðferða og eykur lífsgæði sjúklinga, auk þess að draga úr útgjöldum og óþarfa álagi á aðra heilbrigðisstarfsmenn s.s. lækna og hjúkrunarfræðinga.

Neðar á bls. 10 má lesa:

„Sérfræðinám á Íslandi verði eflt frekar. Ástæða er til að fjölga sérnámsnemum í læknisfræði enn frekar og jafnframt fjölga þeim sérnámsgreinum sem eru í boði út frá þörfum þjóðfélagsins og getu kerfisins til að þjálfa sérfræðilækna. Sérnámslæknar gegna afar mikilvægu hlutverki í starfsemi alls heilbrigðiskerfisins, hjá læknanemum og öðrum heilbrigðisstéttum, í umbótastarfi og við rannsóknir og vísindastörf á heilbrigðissviði. Öflugt sérnám á Íslandi krefst erlends samstarfs, betra utunumhalds og markvissrar fjármögnunar sem unnið er að“.

Athugasemd: okkur finnst að aðrar sérnámsgreinar heilbrigðisvísinda sem einnig er brýnt að efla á Íslandi ættu að vera meðtaldar hér. Þar má nefna klíníska lyfjafræði og klíníska sálfræði auk ýmissa sérnámsgreinar hjúkrunar s.s. geðhjúkrun, bráðahjúkrun, skurðstofuhjúkrun og ljósmóðurfræði. Það er sérkennilegt að vísa eingöngu til sérnáms í læknisfræði og fyrirsögn málsgreinarinnar er „Sérfræðinám á Íslandi verði eflt frekar“.